


37. Hestvatnsvirkjun



Hvítá rennur sunnan Hestfjalls og á leið sinni meðfram fjallinu fellur hún um u.þ.b.17 m en þar fyrir neðan dregur aftur úr fallinu í ánni. Í flóðum í Hvítá rennur hún inn í Hestvatn sem er vestan Hestfjalls en lágt haft skilur þau að. Gert er ráð fyrir að stífla Hvítá við Árhraun, gera skurð úr Hvítá norðan við Hestfjall til Hestvatns og virkja rennslið í orkuveri við Kiðjaberg, um skurð milli vatnsins og árrinnar. Þetta er líklega mest rannsaðri kosturinn í Hvítá. Segja má að hann sé sá eini sem gæti verið á verkhönnunarstigi. 220 kV háspennulína liggur rétt norðan við Hestvatn eða u.þ.b. í 6,5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Áætlanir eru komnar til ára sinna og því ber að taka kostnaðartölur með fyrirvara. Ekki var gert ráð fyrir neinni miðlun ofar í farvegi Hvítár sem myndi ef til kæmi auka orkugetuna og jafnframt hagkvæmnina.